

HAGAR HF: UPPGJÖR HAGA Á 2. ÁRSFJÓRÐUNGI 2024/25

Ágætur gangur í rekstri og sölufarli á Olíudreifingu hafið

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir annan ársfjórðung 2024/25 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 17. október 2024. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2024. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

Helstu lykiltölur

- **Vörusala** 2F nam 46.579 m.kr. (2,8% vöxtur frá 2F 2023/24). Vörusala 6M nam 90.646 m.kr. (4,4% vöxtur frá 6M 2023/24). [2F 2023/24: 45.309 m.kr., 6M 2023/24: 86.799 m.kr.]
- **Framlegð** 2F nam 10.174 m.kr. (21,8%) og 19.711 m.kr. (21,7%) fyrir 6M. [2F 2023/24: 9.903 m.kr. (21,9%), 6M 2023/24: 17.975 m.kr. (20,7%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 2F nam 4.014 m.kr. eða 8,6% af veltu. EBITDA 6M nam 7.228 m.kr. eða 8,0% af veltu. [2F 2023/24: 4.472 m.kr. (9,9%), 6M 2023/24: 6.993 m.kr. (8,1%)]
- **Hagnaður** 2F nam 1.723 m.kr. eða 3,7% af veltu. Hagnaður 6M nam 2.573 m.kr. eða 2,8% af veltu. [2F 2023/24: 2.084 m.kr. (4,6%), 6M 2023/24: 2.737 m.kr. (3,2%)]
- **Grunnhagnaður á hlut** 2F var 1,59 kr. og 2,37 kr. fyrir 6M. [2F 2023/24: 1,88 kr., 6M 2023/24: 2,47 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 2F var 1,56 kr. og 2,33 kr. fyrir 6M. [2F 2023/24: 1,84 kr., 6M 2023/24: 2,42 kr.]
- **Eigið fé** nam 28.282 m.kr. í lok tímabils og **eiginfjárlutfall** 34,9%. [Árslok 2023/24: 28.188 m.kr. og 36,5%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2024/25 er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA verði 13.800-14.300 m.kr.

Helstu fréttir af starfsemi

- **Rekstur á öðrum ársfjórðungi gekk ágætlega en söluaukning** nam 2,8% milli ára.
- **Á 2F fækkar seldum stykkjum í dagvöruverslunum** lítillega milli ára, eða um tæplega 1,0% en **heimsóknnum viðskiptavina fjölga** um 1,6% - aukning í Bónus en samdráttur hjá Hagkaup.
- **Seldum eldsneytislítrum fækkaði** um 4,2% á fjórðungnum - stór einskiptisverkefni á samanburðartímabili skekkja samanburð.
- **Framlegð í krónum talið jókst** um 2,7% milli ára og **framlegðarhlutfallið stóð nánast í stað** í 21,8% á fjórðungnum.
- Undirbúningur að **opnun erlendrar vefverslunar með áfengi** stóð yfir á tímabilinu og opnaði Hagar Wine, dótturfélag Haga, vefverslun með áfengi í samstarfi við Hagkaup í byrjun september.
- Bónus og KKÍ gerðu með sér **samstarfssamning þar sem Bónus er nú einn af aðal samstarfsaðilum KKÍ** og munu úrvalsdeildir karla og kvenna bera nafn Bónus.
- Í samræmi við **samþykkt hluthafafundar** þann 30. ágúst sl. var þann 31. ágúst **úthlutað kaupréttum fyrir samtals 12,9 millj. hlutum** í félaginu, eða sem samsvarar 1,17% af hlutafé. Þar af var 11,0 millj. úthlutað til framkvæmdastjórnar.
- Eftir lok ársfjórðungs, þann 26. september sl., var tilkynnt um að Hagar og meðeigendur hefðu ákveðið að **hefja formlegt sölufarli á eignarhlutum félaganna í Olíudreifingu**.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Rekstur Haga í sumar, á öðrum ársfjórðungi rekstrarársins 2024/25, gekk ágætlega og samkvæmt áætlunum. Á fjórðungnum jókst vörusala um 2,8% miðað við árið á undan og nam 46.579 m.kr. Framlegð jókst að sama skapi um 2,7% í krónum talið en framlegðarhlutfall stóð í stað og var 21,8%. Þrátt fyrir að rekstur hafi gengið með ágætum, þá dróst afkoma á fjórðungnum heldur saman miðað við árið á undan, en EBITDA nam 4.014 m.kr. og hagnaður 1.723 m.kr. Þess ber að geta að afkoma á sama fjórðungi í fyrra var óvenju sterk í sögulegu samhengi.

Afkoma stærstu eininga sem falla undir verslanir og vöruhús styrktist á milli fjórðunga en afkoma starfsþáttar Olís dróst hins vegar nokkuð saman. Skýringin á samdrætti í afkomu Haga miðað við fyrra ár liggur því annars vegar í breytingum hjá Olís og hins vegar í hækkun fjármagnsgjalda. Hjá Olís er nauðsynlegt að horfa til samanburðar við sama fjórðung í fyrra, þegar selt magn og afkoma voru óvenju sterk, m.a. vegna hagfelldra hreyfinga í heimsmarkaðsverði olíu og stórra einskisverkefna. Tekjur Olís á fjórðungnum voru 14,7 ma. kr. og var eldsneytissala í lítrum á áætlun, bæði á smásölumarkaði og til stórnotenda. Ágætt ferðamannasumar, nýjar rafhleðslustöðvar í samstarfi við Ísorku og vel heppnuð samvinna með Wolt og póstaflendingarþjónustum skilaði sér í aukinni þurrvöru- og veitingasölu á þjónustustöðvum Olís. Heilt yfir hefur undirliggjandi rekstur Olís haldið áfram að styrkjast og enn er unnið að því að efla þjónustuframboð á stöðvum. Því tengt mun fyrsta bílaþvottastöð félagsins opna í desember undir merkinu Glans. Þá er formlegt söluférlí á eignarhlutum Olís og meðeigenda í ODR hafið.

Tekjur í rekstri verslana og vöruhúsa jukust um tæp 5% og afkoma styrktist á milli fjórðunga. Heimsóknnum viðskiptavina fjölgar sem fyrr hjá Bónus en hjá Hagkaup var samdráttur í bæði seldum stykkjum og heimsóknnum. Stórbruni í Kringlunni í byrjun sumars, lokanir verslana og fækkun gesta, höfðu neikvæð áhrif á matvöruverslanir Haga í verslunarmiðstöðinni, en þar rekur félagið bæði Bónus verslun og stóra Hagkaups verslun. Einnig má gera ráð fyrir að háir stýrivextir og hækkandi greiðslubyrði fasteignalána séu farin að hafa áhrif í dagvöruverslun, sem sést m.a. á því að þó viðskiptavinum haldi áfram að fjölga og fjöldinn sé í sögulegu hámarki, þá fækkar stykkjum örlítið sem rata í hverja verslunarkörfu. Þeim fjölgar áfram sem nýta sér Gripið & Greitt þjónustu Bónus, enda fljótlegasta leiðin til að versla og léttir viðskiptavinum lífið. Þjónustan er nú í boði í sjö Bónusverslunum og fjórar bætast fljótlega við. Hagkaup hefur lagt sérstaka áherslu á að bæta þjónustuframboð á undanförunum misserum, m.a. með nýjungum í vöruframboði verslana og auknu úrvali í netverslun. Viðskiptavinir hafa tekið þessu aukna úrvali opnum örnum, sem ásamt átaki í hagræðingu skilar nú sterkari rekstri á milli fjórðunga. Netverslun Hagar Wine með áfengi opnaði í september og hefur verið vel tekið af viðskiptavinum frá fyrsta degi. Aukin eftirspurn ánægðra viðskiptavina og vélvæðing framleiðsluferla hjá Eldum rétt heldur áfram að skila sér í bættri afkomu og skilvirkari rekstri, m.a. vegna minni umbúðanotkunar. Starfsemi annarra eininga, þ.e. Aðfanga, Banana, Stórkaups og Zara var í takti við áætlanir.

Á síðustu mánuðum og misserum hefur kauphegðun viðskiptavina þegar kemur að dagvöru breyst nokkuð, m.a. hliðrast yfir í ódýrari valkosti og færst framár í mánuði. Hjá verslunum Haga, einkum Bónus, hefur sérstök áhersla hefur verið lögð á að hjálpa viðskiptavinum að versla ódýrt, m.a. með því að bjóða hagkvæmari staðkvæmdarvöru við dýrari vörumerki, auðvelda innkaup í réttu magni, fjölga tilboðum, o.fl. Í sama tilgangi hefur aðhald smásala og gott samstarf við helstu birgja stuðlað að lækkandi matarverðbólgu, sem á eftir að koma heimilum vel, samhliða vonandi áfram lækkandi vöxtum.

Heilt yfir erum við sáttt með starfsemi Haga á fjórðungnum og það er ánægjulegt að afkoma helstu eininga á dagvöruhlíðinni heldur áfram að styrkjast þrátt fyrir breytta kauphegðun viðskiptavina. Staða og horfur í rekstri Haga eru góðar, en rekstrareiningar félagsins standa sterkt, fjárhagsleg staða er góð, og mörg tækifæri til vaxtar á nýjum sviðum. Sem fyrr hefur félagið á að skipa frábærum hópi starfsfólks sem hefur hagneytenda að leiðarljósi, m.a. með því að leita stöðugt leiða til að auka hagkvæmni í verslun og gera hana þægilegri og skemmtilegri. EBITDA spá stjórnenda fyrir árið er óbreytt, 13,8 – 14,3 ma.kr.

Rekstrarreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	2F 2024/25		2F 2023/24		6M 2024/25		6M 2023/24	
	01.06-31.08	01.06-31.08	Breyting	Breyting %	01.03-31.08	01.03-31.08	Breyting	Breyting %
Vörusala	46.579	45.309	1.270	2,8%	90.646	86.799	3.847	4,4%
Kostnaðarverð seldra vara	(36.405)	(35.406)	(999)	2,8%	(70.935)	(68.824)	(2.111)	3,1%
Framlegð	10.174	9.903	271	2,7%	19.711	17.975	1.736	9,7%
Framlegð %	21,8%	21,9%	-	0,0%	21,7%	20,7%	-	1,0%
Aðrar rekstrartekjur	121	210	(89)	-42,4%	263	404	(141)	-34,9%
Laun og launatengd gjöld	(4.248)	(3.881)	(367)	9,5%	(8.625)	(7.813)	(812)	10,4%
Annar rekstrarkostnaður	(2.033)	(1.760)	(273)	15,5%	(4.121)	(3.573)	(548)	15,3%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	4.014	4.472	(458)	-10,2%	7.228	6.993	235	3,4%
EBITDA %	8,6%	9,9%	-	-1,3%	8,0%	8,1%	-	-0,1%
Afskriftir	(1.231)	(1.353)	122	-9,0%	(2.612)	(2.482)	(130)	5,2%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	2.783	3.119	(336)	-10,8%	4.616	4.511	105	2,3%
Hrein fjármagnsgjöld	(746)	(639)	(107)	16,7%	(1.535)	(1.265)	(270)	21,3%
Áhrif hlutdeildarfélaga	127	109	18	16,5%	152	149	3	2,0%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.164	2.589	(425)	-16,4%	3.233	3.395	(162)	-4,8%
Tekjuskattur	(441)	(505)	64	-12,7%	(660)	(658)	(2)	0,3%
Heildarhagnaður	1.723	2.084	(361)	-17,3%	2.573	2.737	(164)	-6,0%

Lykiltölur á 2. ársfjórðungi 2024/25

Vörusala á 2F nam 46.579 m.kr. og jókst um 2,8% milli ára. Söluaukning verslana og vöruhúsa nam 4,8% en samdráttur var í sölu hjá Olís sem nemur 1,8% milli ára.

Seldum stykkjum í dagvöruverslunum fækkaði lítillega eða um 1,0% milli ára en heimsóknnum viðskiptavina fjölgaði um 1,6% á fjórðungnum. Samdráttur var í seldum eldsneytislífrum hjá Olís um 4,2% milli ára.

Framlegð á 2F nam 10.174 m.kr. og jókst um 2,7% frá fyrra ári. Framlegðarhlutfall nam 21,8% og stóð nánast í stað milli ára. Framlegðarhlutfall í dagvöru hækkaði lítillega á sama tíma og hlutfallið í eldsneytishluta samstæðunnar lækkaði.

Laun hækkuðu um 9,5% og annar rekstrarkostnaður hækkaði um 15,5% á 2F. Launa- og kostnaðarhlutfall á fjórðungnum hækkar úr 12,5% í 13,5% milli ára.

EBITDA á 2F nam 4.014 m.kr. og lækkar um 10,2% milli ára. EBITDA hækkar um 8,1% hjá verslunum og vöruhúsum en samdráttur í EBITDA hjá Olís nam 39,6%. 2F á fyrra ári var óvenju sterkur hjá Olís í sögulegu samhengi.

Hagnaður ársfjórðungsins nam 1.723 m.kr. og lækkar um 17,3% milli ára.

Rekstur á fyrri árshelmingi 2024/25

Vörusala fyrri árshelmings nam 90.646 m.kr., samanborið við 86.799 m.kr. árið áður. Söluaukning milli ára nam 4,4%. Söluaukning verslana og vöruhúsa nam 6,2% og söluaukning hjá Olís nam 0,3%.

Framlegð samstæðunnar var 19.711 m.kr., samanborið við 17.975 m.kr. árið áður, eða aukning sem nemur 9,7%. Framlegðarhlutfall nam 21,7% og hækkaði um 1,0%-stig frá fyrra ári. Hækkun framlegðarhlutfalls liggur bæði í dagvöru og eldsneytishluta samstæðunnar.

Launakostnaður hækkaði um 10,4% milli ára og annar rekstrarkostnaður hækkaði um 15,3%. Launa- og kostnaðarhlutfall á tímabilinu hækkar úr 13,1% í 14,1%.

EBITDA nam 7.228 m.kr., samanborið við 6.993 m.kr. árið áður. EBITDA-hlutfall var 8,0%, samanborið við 8,1% á fyrra ári. EBITDA verslana og vöruhúsa jókst um 9,0% milli ára en EBITDA Olís dróst saman um 10,6%.

Afskriftir hækka um 5,2% milli ára og fjármagnskostnaður hækkar um 21,3%.

Heildarhagnaður tímabilsins nam 2.573 m.kr., sem jafngildir 2,8% af veltu en heildarhagnaður á fyrra ári var 2.737 m.kr. eða 3,2% af veltu.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	31.08.2024	29.02.2024	Breyting	Breyting %
Eignir				
Fastafjármunir	56.460	56.085	375	0,7%
Veltufjármunir	24.505	21.129	3.376	16,0%
Eignir samtals	80.965	77.214	3.751	4,9%
Eigið fé og skuldir				
Hlutfé	1.084	1.084	--	0,0%
Annað eigið fé	27.198	27.104	94	0,3%
Eigið fé samtals	28.282	28.188	94	0,3%
Langtímaskuldir	24.608	23.139	1.469	6,3%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	6.110	5.818	292	5,0%
Aðrar skammtímaskuldir	21.965	20.069	1.896	9,4%
Skuldir samtals	52.683	49.026	3.657	7,5%
Eigið fé og skuldir samtals	80.965	77.214	3.751	4,9%

Lykiltölur efnahags 31.08.2024

- Heildareignir samstæðunnar í lok tímabils námu 80.965 m.kr. og hækkuðu um 3.751 m.kr. frá árslokum 2023/24.
- Fastafjármunir voru 56.460 m.kr. og hækkuðu um 375 m.kr. frá árslokum 2023/24 og veltufjármunir námu 24.505 m.kr. og hafa hækkað um 3.376 m.kr. það sem af er árs.
- Vörubirgðir eru stærsti hluti veltufjármuna og námu 13.085 m.kr. í lok ágúst. Birgðir standa nánast í stað frá árslokum 2023/24 en hafa hækkað um 1.065 m.kr. frá lokum 2F 2023/24. Eldsneytisbirgðir standa nánast í stað en bæði birgðir í dagvöru og sérvöru hafa hækkað milli ára. Veltuhraði birgða er nú 11,1 en var 11,0 á fyrra ári.
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur námu 8.436 m.kr. og hækka um 2.202 m.kr. á tímabilinu en viðskiptakröfur eru 711 m.kr. hærri en í lok 2F á fyrra ári. Innheimtutími viðskiptakrafna er nú 13,3 dagar samanborið við 12,9 daga á fyrra ári.
- Veltufjórhlutfall er 0,87 og lausafjórhlutfall 0,41 í lok fyrri ársheilmings. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 6,2 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður en auk þess fjármagnar félagið sig til skamms tíma með útgáfu víxla.
- Eigið fé í lok tímabilsins var 28.282 m.kr. og eiginfjórhlutfall 34,9%. Arðsemi eigin fjár var 17,8%. Eiginfjórhlutfall við lok síðasta rekstrarárs var 36,5% og arðsemi eigin fjár 18,1%. Félagið átti eigin hluti að nafnverði 22,1 millj. í lok tímabilsins.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok fyrri ársheilmings námu 52.683 m.kr. en þar af voru vaxtaberandi skuldir 17.418 m.kr. og leiguskuldir 13.062 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 27.496 m.kr. eða 2,1 x 12 mánaða EBITDA.
- Vaxtaberandi skammtímaskuldir námu 6.110 m.kr. en þar af námu víxilskuldir 2.940 m.kr. og skuldabréfaflokkur HAGA181024 nam 2.500 m.kr. Skuldabréfaflokkurinn hefur nú verið endurfjármagnaður með útgáfu HAGA 161127 og stækkun á eldri flokki HAGA 120926 1. HAGA 161127 er að fjárhæð 1.560 millj. og ber fasta 8,60% vexti en HAGA 120926 1 verður að fjárhæð 3.000 millj. eftir stækkun og ber fljótandi vexti tengda 1 mánaða REIBOR að viðbættu 1,30% álagi.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	2F 2024/25	2F 2023/24	Breyting	Breyting %	6M 2024/25	6M 2023/24	Breyting	Breyting %
	01.06-31.08	01.06-31.08			01.03-31.08	01.03-31.08		
Handbært fé frá rekstri	1.667	2.451	(784)	-32,0%	5.557	5.786	(229)	-4,0%
Fjárfestingarhreyfingar	(485)	(777)	292	-37,6%	(1.099)	(3.127)	2.028	-64,9%
Fjármögnunarhreyfingar	(2.772)	(1.904)	(868)	45,6%	(3.301)	(2.802)	(499)	17,8%
Hækkun á handbæru fé	(1.590)	(230)	(1.360)	591,3%	1.157	(143)	1.300	-909,1%
Handbært fé í byrjun tímabils	4.574	2.956	1.618	54,7%	1.827	2.869	(1.042)	-36,3%
Handbært fé í lok tímabils	2.984	2.726	258	9,5%	2.984	2.726	258	9,5%

Sjóðstreymi á fyrri ársþelmingi 2024/25

- Handbært fé frá rekstri á fyrri ársþelmingi nam 5.557 m.kr., samanborið við 5.786 m.kr. á fyrri ári.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins voru 1.099 m.kr., samanborið við 3.127 m.kr. á fyrri ári. Einkum var fjárfest í áhöldum og innréttingum á tímabilinu, þar á meðal stækkun og endurnýjun verslunar Bónus á Ísafirði. Þá var fjárfest í rafrænum hillumiðum hjá Hagkaup auk breytinga í Hagkaup Skeifunni.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 3.301 m.kr., samanborið við 2.802 m.kr. á fyrri ári. Ekki hafa verið keypt eigin bréf á tímabilinu en á fyrri ári námu endurkaup 833 m.kr. Arðgreiðsla var greidd í júní 2024 og nam hún 2.522 m.kr.
- Handbært fé í lok ágúst 2024 nam 2.984 millj., samanborið við 2.726 millj. í ágústlok í fyrri.

Staðan og framtíðarhorfur

Rekstur á öðrum ársfjórðungi 2024/25 var í samræmi við áætlanir en aðeins undir síðasta ári. Er það einna helst vegna Olís en á síðasta ári var afkoma Olís óvenju sterk í sögulegu samhengi, m.a. vegna hagfelldra hreyfinga í heimsmarkaðsverði olíu og stórra einkisþjónustuverkefna. Vörusala samstæðunnar jókst um 2,8% frá fyrri ári og framlegð jókst í krónum talið um 2,7%. Rekstrarkostnaður hækkaði um 11,4% milli ára og EBITDA afkoma fjórðungsins lækkaði um 10,2% frá fyrri ári. Fjármagnskostnaður samstæðunnar hækkaði um 16,7% milli ára. Vextir og verðbólga eru enn há í sögulegu samhengi og þá hafa vaxtagjöld vegna leiguskulda hækkað nokkuð milli tímabila.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2024/25 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 13.800-14.300 millj. kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína, að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj. er tryggður en einnig hefur félagið undanfarið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

Þann 26. september 2024 var tilkynnt um að Olís, dótturfélag Haga, hafi ásamt meðeigendum sínum komist að samkomulagi um að hefja formlegt söluferli á eignarhlutum félaganna í Olíudreifingu. Olís á 40% eignarhlut en Olíudreifing er mikilvægt innviðafélag hvað varðar birgðahald og dreifingu eldsneytis á Íslandi.

Hlutfé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok tímabilsins nam 88,5 ma. kr. og lokaverð þann 31. ágúst 2024 var 80,0 kr./hlut.
- Skráð hlutfé Haga í lok tímabilsins nam 1.106 m.kr. Félagið átti 22,1 millj. eigin hluti í lok tímabils og er útistandandi hlutfé því 1.084 m.kr.
- Þann 30. maí 2024 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50,0% af hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.522 m.kr. Heildararðgreiðslan nam því 2,33 kr. á hlut útistandandi hlutfafjár. Arðurinn var greiddur þann 7. júní 2024.
- Í samræmi við samþykkt hluthafafundar þann 30. ágúst 2024 var tilkynnt þann 31. ágúst 2024 að ákveðið hafi verið að veita tilteknum lykilstarfsmönnum félagsins kauprétti fyrir samtals 12.918.615 hlutum í félaginu, eða sem samsvarar 1,17% af hlutfé Haga þegar kaupréttarkerfið var samþykkt. Þar af var 11.037.686 hlutum úthlutað til framkvæmdastjórnar.
- Hluthafar voru 968 í byrjun tímabils og 915 í lok þess. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 77,58% eignarhlut í félaginu í lok annars ársfjórðungs.

Rafrænn kynningarfundur föstudaginn 18. október 2024

Rafrænn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 18. október kl. 08:30, þar sem Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, munu kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Tekið verður við spurningum sem tengjast uppgjörinu á meðan á útsendingu stendur á netfangið fjarfestakynning@hagar.is og verður þeim svarað eins og kostur er í lok fundar.

Fundinum verður streymt og er skráning á fundinn hér: <https://www.hagar.is/skraning>

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Haga, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2024/25

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
3F – 1. mars til 30. nóvember	Fimmtudagur	16. janúar 2025
4F – 1. mars til 28. febrúar	Þriðjudagur	15. apríl 2025
Aðalfundur 2025	Miðvikudagur	21. maí 2025

Fréttatilkynning þessi og uppgjörsgögn verða aðgengileg á ensku þann 21. október á <https://www.hagar.is/en/>

Press release and financial statements will be available in English on October 21st at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.
